

Skipulags-og byggingarráð Hafnarfjarðar

Efni : *Beiðni um breytingu á skráningu húsnæðis*

Í framhaldi af tölvupósti til formanns og varaformanns skipulags-og byggingarráðs Hafnarfjarðarbæjar leyfi ég mér að senda formlegt erindi til ráðsins.

Undirritaður er lóðarhafi að Norðurhelli 13 Hafnarfirði í gegnum félag í eigu hans og bróðir hans, Ellerts Alexanderssonar. Áður en við komum okkur að beiðni okkar til ráðsins viljum við aðeins fá að kynna okkur.

Við bræður ásamt fjölskyldu okkar höfum verið í atvinnurekstri í Hafnarfirði í áratugi. Faðir okkar, Alexander Ólafsson, hóf malarvinnslu í Vatnsskarðsnámu í kringum 1980 og stóð fjölskyldan að þeirri atvinnustarfssemi allt til ársins 2018 er reksturinn var seldur. Um tíma vorum við einnig með malarvinnslu í námu við Undirhliðar í Hafnarfirði og tókum þátt í frágangi á lokun þeirra námu í samstarfi við bæjaryfirvöld. Árið 2011 eignaðist fjölskyldan jafnframt Steypustöðina ehf sem einnig hafði eina af sínum starfsstöðvum í Hafnarfirði en seldi fyrirtækið á sama tíma og Vatnsskarðsnámu árið 2018.

Við bræður höfum tekið þátt í allnokkrum byggingaframkvæmdum bæði til eigin nota og til endursölu í Hafnarfirði svo og öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Við bæðum eigum og rekum atvinnuhúsnæði og leiguíbúðir í Hafnarfirði í dag og teljum okkur hafa nokkra reynslu af bæði rekstri og framkvæmdum er varða byggingaframkvæmdir.

Með bréfi þessu langar okkur að beina þeirri ósk okkar til skipulags-og byggingarráðs að fá að skrá húsnæðisbyggingu á Norðurhelli 13 sem íbúðarhús. Eftir að hafa aflað okkur tilskyldra leyfa höfum við framkvæmdir við byggingu á 22 íbúða fjölbýlishúsi á lóðinni snemma á þessu ári. Framkvæmdum miðar vel og húsið er nú uppsteypt. Við hönnun hússins tókum við þá ákvörðun að byggja svo kallaðar smáíbúðir, 45-50 fm að stærð. Kallað hefur verið eftir ódýrari og minna húsnæði af bæði stjórnvöldum og sveitarfélögum um land allt til að reyna leysa húsnæðisvandamál bæði fyrstu kaupenda og þeirra sem hafa minna milli handana. Þá hefur komið fram að sveitarfélög hafa þurft að stórauka íbúðarframboð til að sinna skyldum sínum vegna félagslegra úrræða. Það er okkar mat að einmitt húsnæði á borð við það sem við erum með í byggingu sé það sem sárlega vanti inná húsnæðismarkaðinn.

Við gerum okkur grein fyrir því að ef til þess kæmi að bæjaryfirvöld samþykki slíka skráningu þyrfti að öllum líkindum að fara í aðalskipulagsbreytingu og slík mál eru alltaf vandmeðfarin. Okkar mat er hins vegar eftir að hafa rýnt hverfið að byggð við göturnar Norðurhelli og Suðurhelli sem rammast inn af

Ásbraut, Hraunhelli og Krýsuvíkurvegi, gætu vel borið blandaða byggð af íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.

Á horni Norðurhelli og Hraunhelli rís nú matvöruverslun frá Krónunni. Við Norðurhelli 15 og 17 sem skilgreind eru sem gistiheimili býr fjöldi fólks til lengri eða skemmri tíma. Bæði Norðurhella 19 og okkar lóð nr 13 eru með leyfi til að reka gistiheimili. Það er því alveg ljóst að fjöldi fólks býr og mun búa í þessum húsnæðum við Norðurhelli til lengri eða skemmri tíma nú þegar. Með því að leyfa íbúðarbyggð væru þessu sama fólki gert kleyft t.d að skrá lögheimili sitt á réttum stað og gefast kostur á að fá lögbundnar bætur til að létta sér lífið eins t.d. húsaleigubætur o.s.frv.

Eins og áður sagði er stutt í alla þjónustu eins og matvöruverslun og almenningssamgöngur, örstutt er í Hraunvallaskóla og undirgöng undir Ásbraut frá Norðurhelli yfir á Fléttuvelli. Bein tenging er því frá Norðurhelli við skipulagða íbúðarbyggð hinu megin Ásbrautar.

Með von um jákvæðar undirtektir

Alexander G Alexandersson

Lóðarhafi að Norðurhelli 13

Gsm 8991793

Netfang aga@alexander.is